



Reykjavík, 27. febrúar 2024

FAS24020034

Borgarráð

**Heimild til að sækja um og hefja viðræður við Þróunarbanka Evrópuráðsins, CEB, um lánsfjármögnun á viðhaldsátaki í skólahúsnæði borgarinnar**

Lagt er til að borgarráð veiti borgarstjóra heimild til að sækja um lán að fjárhæð 100 milljónir evra til Þróunarbanka Evrópuráðsins eða Council of Europe Development Bank (CEB) til fjármögnunar á viðhaldsátaki í húsnæði grunnskóla, leikskóla og frístundar, sbr. áætlun sem upprunalega var lögð fram í borgarráði þann 4. nóvember 2021. Í íslenskum krónum nemur fjárhæðin um 15 milljörðum króna eða um 50% af þeirri áætlun sem lá fyrir við upphaf verkefnisins. Verði lánsúmsókn Reykjavíkurborgar afgreidd með jákvæðum hætti verði borgarstjóra veitt heimild til að hefja viðræður um lánskjör og undirbúa drög að gerð lánasamnings.

Reykjavíkurborg hóf umfangsmikið viðhaldsátak í skólahúsnæði borgarinnar á árinu 2022 en gert er ráð fyrir að það muni ná yfir næstu fimm ár samkvæmt fjárhagsáætlun til ársins 2028. Á síðustu árum hefur Reykjavíkurborg að mestu fjármagnað fjárfestingar með útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði en unnið hefur verið að því að fjölga valkostum í fjármögnun og yrði fjármögnun frá CEB liður í því. CEB lánar eingöngu í evrum en unnið er að því að skoða varnir gagnvart gengisáhrifum í samstarfi við innlenda banka. Niðurstaða viðræðna og samningsdrög að lánsamningi verða lögð fyrir borgarráð til samþykktar.

Einar Þorsteinsson  
*borgarstjóri*

Hjálagt:

Greinargerð og áhættumat, dags. 27. feb. 2024.

Lánsúmsókn, [ódags.]: Loan Application for EUR 100 million Public Sector Financing Facility (PFF) to Council of Europe Development Bank (CEB).

Drög að bréfi til utanríkisráðherra, [ódags.]



**Reykjavík**